

Margar sérstæðar ljósmyndir eru á hinni árlegu fréttaljósmyndasýningu í Listasafni ASÍ.

## Fréttaljósmyndir í Listasafni ASÍ

Hin árlega fréttaljósmyndasýning World Press Photo verður opnuð í Listasafni ASÍ laugardaginn 6. október kl. 14.00. Það voru hollenskir fréttaljósmyndarar sem stofnuðu til keppni um bestu fréttaljósmyndina árið 1956. Smám saman varð til stofnunin World Press Photo Foundation sem gengst fyrir þessari samkeppni árlega. Tilgangurinn er að vekja almennan áhuga á fréttaljósmyndun með því að verðlauna það besta sem gerist á þessum vettvangi.

Eins og allir vita miklir og fréttæmir atburðir gerst í Evrópu á liðnu ári og eru fréttaljósmyndirnar


lýsandi myndræn frásögn af þeim viðburðum. Auk vals á fréttaljósmynd ársins eru verðlaunaðar myndir í mörgum efnisflokkum, svo sem Oskar Barnack verðlaunin fyrir þá ljósmynd sem túlkar best hugsjón mannúðar og og samband manns og umhverfis. Búdapestborg verðlaunar þá ljósmynd sem sýnir jákvæðar aðgerðir til varðveislu lífs á jörðinni. Sérstakur barnadómstóll velur mynd ársins þar sem ljósmyndin er skoðuð frá sjónarhóli barnsins.

Sýningin er opin alla daga vikunnar frá 14-19 til sunnudagsins 14. október.

### Kjarvalsstaðir

## Ljósmyndir Cunningham

Á laugardag verður opnuð sýning að Kjarvalsstöðum á ljósmyndum Imogen Cunningham. Imogen var fædd árið 1883 og lést árið 1976. Á langri ævi tókst henni að festa ótrúlega mikið á mynd og á þeim tíma



Imogen Cunningham.

áttu sér stað flestar mikilvægustu breytingarnar í sögu bandarískrar ljósmyndunar.

Hún hóf nám í Washington-háskóla árið 1903 og valdi efnafræði sem aðalgrein vegna áhuga á ljósmyndun. Fyrstu myndirnar voru teknar á háskólasvæðinu árið 1906 og þá byrjaði hennar sjöttu ára ferill. Hún ljósmyndaði Hollywoodleikara í öðru umhverfi en þeir voru þekktastir fyrir, tók myndir af skáldum og rithöfundum og öðru fólki úr menningarlífinu í Bandaríkjunum. Hún ferðaðist til Evrópu árið 1960, þá kominn vel yfir sjötugt, og svo aftur næsta ár og myndaði þá í Danmörku, Norgei, Svíþjóð, Finnlandi, Póllandi og Parísarborg. Staðarmyndir hennar frá þessum tíma bera með sér formrænan hreinleika.

Sýningin á verkum Imogen Cunningham stendur til 21. október og er opin daglega frá kl. 11.00 til 18.00.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 15 ára:

# Skóli í leik og starfi

Um þessar mundir eru fimmtán ár frá því Fjölbrautaskólinn í Breiðholti tók til starfa. Af þessu tilefni ætla fyrrverandi og núverandi nemendur, kennarar og annað starfsfólk skólans að gera sér dagamun í viku.

Laugardaginn frá klukkan 10-15 verður opið hús í skólanum og kennslustarf kynnt almenningi. Kynningin hefst með listsýningu, þar sem þjóðkunnir listamenn, fyrrverandi nemendur skólans, sýna verk sín í Hátíðarsal skólans. Almenn kennsla og upplýsingar um nám verður á öllum 7 sviðum skólans en þau eru: Almenn bóknaámssvið, heilbrigðisvið, listasvið, matvælasvið, tæknisvið, uppeldisvið og viðskiptasvið. Sú nýbreytni var tekin upp í skólastarfinu nú í sumar að gefa fólki kost á að stunda nám í sumarskóla Fjölbrautaskólans og undirtektirnar lofa góðu um framhaldið.

Almenningi er auk þess boðið á tónlistarkvöld sunnudag, mánudag, þriðjudag og miðvikudag og myndlistarsýningin verður opin frá klukkan 14.00 til 18.00 sunnudag og þriðjudag en 14.00 til 20.00 mánudag og miðvikudag. Á sunnudagskvöld verður djasskvöld í Hátíðar-



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.

sal kl. 20.30 og eru þar á ferð fyrrverandi nemendur sem eru Birkir Bragason, Friðrik Karlsson og Hörður Bragason. Á mánudagskvöld verða hljótleikar í Undirheimum þar sem fram koma hljómsveitirnar Orgill, Innri og Afróðita. Tónleikarnir byrja kl. 21.00.

Á þriðjudag verður klassískt kvöld í Hátíðarsal en þar koma fram fyrrverandi nemendur sem allir starfa við tónlistarkennslu og tónlistarflutning. Þau eru Elín Gunnlaugsdóttir píanó, Harpa

Harðardóttir sópran, Helga Sighvatsdóttir blokkflauta, Laufey Geirlausdóttir sópran, Snorri Valsson trompet, Theódóra Þorsteinsdóttir sópran og Unnur Vilhelmsdóttir píanó. Meðleikarar verða Guðmundur Magnússon píanóleikari og Lára Rafnsdóttir píanóleikari.

Miðvikudaginn 10. október lýkur menningarvikunni með hljótleikum Megasar og Bjarkar í Undirheimum. Hljótleikarnir hefjast kl. 21.

### Gamanleikhúsið:

## Lína Langsokkur í Iðno

Gamanleikhúsið frumsýnir leikritið Línu Langsokk í Iðno á laugardag kl. 15.00. Þetta er áttunda verkið sem gamanleikhúsið tekur til sýninga á þeim fimm árum sem það hefur starfað. Leikhúsið er skipað börnum og unglingum sem af einstakri eljusemi hefur tekist að vinna sínar leiksýningar að mestu leyti sjálf. Því til viðbótar hefur Gamanleikhúsið tekið þátt í leiklistarhátíðum erlendis og haldið leiklistarnámskeið. Rúmlega tuttugu börn og unglingar koma fram í smærri og stærri hlutverkum. Aðalhlutverkin leika Eva Hrönn Guðnadóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Víðir Óli Guðmundsson, Lýða Ellertsdóttir og Steinunn María Stef-


ánsdóttir. Leikstjóri er framkvæmdastjóri Gamanleikhússins, Magnús Geir Þórðarson en sýningarstjóri er Magnús Þór Torfason.

Sögubráðinn í leikritinu um Línu þekkja vist flestir en þessi skritna stelpa lendir í mörgum ævintýrum með vinum sínum Önnu og Tomma. Herra Niels er með í för og svo auðvitað pabbi Línu og foreldrar Önnu og Tomma.

Önnur sýning á leikritinu er sunnudaginn 7. október og sú þriðja laugardaginn 13. október og allar klukkan 15.00. Miðapantanir eru í síma 13191 en auk þess verða miðar seldir við innganginn. Miðaverð er 500 krónur.



Lína Langsokkur verður í Iðno um helgina og næstu helgar. Eva Hrönn í hlutverki Línu.



Laurent Decol er einn af uppháldsnemendum Marcel Marceau.

## Látbragð á Litla sviðinu

Alliance Francaise stendur fyrir komu franska látbragðsleikarans Laurent Decol og mun hann sýna list sína á Litla sviði Þjóðleikhússins nk. sunnudag og mánudag kl. 20.30. Látbragðsleikarinn Decol er einn af uppháldsnemendum hins fræga Marcel Marceau og þykir hann gefa lærimeistara sínum lítið eftir.

Hjá Decol þykir gæta áhrifa frá Chaplin, Keaton og Tati. Hann hefur brotið á bak aftur stöðnun hefðbundins leiks sem að hefðu getað gefið látbragðsleiknum yfirbragð endurtekningar. Hann hefur hætt sér á ótroðnar slóðir og víkkað takmörk látbragðsins með því að nálga

ast áhorfendur og fá þá til að vera þátttakendur í þeim sögum sem hann túlkar. Í stuttu máli fer hann sínar eigin leiðir og skapar eigin stíl.

Sögurpersóns verksins, Timoleon Magnus, er líkur honum, hæðinn jafnt gagnvert sjálfum sér sem öðrum. Þar svipar honum til hinna stóru stjarna þöglu kvikmyndanna. Hann hefur flutt sýningu sína yfir 600 sinnum og fjöldi áhorfenda er kominn yfir fjórar milljónir. Timoleon Magnus er einfari og glímur við veröldina, þar sem allt gengur of hratt fyrir sig. Áhorfendur fylgjast með lífi hans frá fæðingu til dauða.